

48. fundur

1. júlí 2015

1001008SA BÓH  
Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

48. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 1. júlí 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Ólafur Loftsson boðaði forföll.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Mótæli 27 kennara í grunnskóla við því sem sagt er einhliða ákvörðun skólastjóra um viðverutíma kennara skólaárið 2015 – 2016.**

**Niðurstaða**

Fyrir fundinum liggur sameiginleg greinargerð skólastjórnenda og trúnaðarmanna í viðkomandi grunnskóla en samstarfsnefnd óskaði eftir því við hvorn þessara aðila þann 24. júní s.l. að skýra það ferli sem fram fór vegna innleiðingar á vinnumati og ákvörðun um viðveru kennara skólaárið 2015 – 2016.

Ekki verður annað séð af efni greinargerðarinnar frá skólastjórnendum og trúnaðarmönnum kennara en að rétt hafi verið staðið að ferlinu og á endanum hafi sátt náðst um málið innan skólans.

Fulltrúar FG munu ásamt trúnaðarmönnum kynna efni greinargerðarinnar á fundi með kennurum grunnskólans við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45